

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
legri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. apríl 1916.

Nr. 48/1915.

Jón Laxdal f. h.
Jakobs Gunnlögssonar
gegn
Lyder Höydal.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Jón kaupmaður Laxdal í Reykjavík fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar stórkaupmanns í Kaupmannahöfn fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu 5. sept. 1912 gegn stefnda Lyder Höydahl kaupmanni þar í eyjum út af 3993 kr. 20 aura viðskiftaskuld, er fyrnefndi kallaði eftir hjá síðarnefndum. Nokkru síðar höfðaði Höydal gagnsök á hendur áfrýjanda f. h. Jakobs Gunnlögssonar til greiðslu 40000 kr. bóta fyrir skaða, er fyrnefndur þóttist hafa orðið fyrir af völdum síðarnefnds. Málið var dæmt í gestaréttinum 26. nóvbr. 1913 með þeim úrslitum, að stefndi skyldi greiða áfrýjanda f. h. Jakobs Gunnlögssonar 2662 kr. 75 aura með 6% vöxtum frá 1. jan. 1912 og 40 kr. málskostnað. Gagnsökinni var aftur á móti vísað frá dómi. En dómur þessi var ómerktur af landsyfirdómi 7. desember 1914 og málinu vísað heim til dómsáleggingar að efni til f

gagnsök. Var síðan af nýju kveðinn upp dómur í málinu fyrir gestaréttinum 9. júní 1915. Úrslitin í aðalmálinu urðu hin sömu og í fyrra skiftið, að því sleftu að málskostnaður var nú feldur niður, en í gagnsökinni var áfrýjandi nú dæmdur, f. h. Jakobs Gunnlögssonar, til þess að greiða stefnda 40000 kr. skaðabætur, en málskostnaður var og þar látinn falla niður.

Dómi þessum hafa báðir aðilar skotið til yfirdóms, Jón Laxdal fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar með stefnu dags. 20. júlí 1915 og Lyder Höydal með gagnstefnu dags. 4. sept. samæris.

Afrýjandi krefst í aðalsökinni þess, að sér verði dæmdar 3993 kr. 20 aur. með 6% vöxtum frá 1. jan. 1912 og málskostnað eftir mati réttarins, en í gagnsökinni krefst hann algerðar sýknunar og málskostnaðar í yfirdómi. Stefndi krefst á hinn bóginn þess, að hann verði sýknaður í aðalsökinni og sér dæmdur málskostnaður í henni fyrir báðum dómum, en að dómurinn í gagnsökinni verði staðfestur.

Krafan í aðalmálinu stafar af því, að Jakob Gunnlögsson hafði birgt stefnda að erlendum vörum og selt fyrir hann íslenzkar vörur á árunum 1905—1909. Kannaðist stefndi við það með vottföstu bréfi, útgefnu í Kaupmannahöfn til handa Jakobi Gunnlögssyni 18. jan. 1909, að hann skuldaði þá 23588 kr. 14 aur. »samkvæmt höfuðbókum« Jakobs. Frá upphæð þessari átti þó, samkvæmt bréfinu, að dragast nánar tilgreind sjóvátryggingarupphæð »nálægt« 8000 kr., en aftur við að bætast nánar tilgreind ábyrgðarupphæð »nálægt« 6000 kr., svo að fyrstnefnda upp-

hæðin var í raun og veru ekki alveg fastákveðinn vegna breytileika beggja síðarnefndu upphæðanna. Þess er getið í bréfinu, að skuldarupphæðin, sem talin er netto (réttar »nálægt«) 21588 kr. 14 aur., hafi verið fallin í gjalddaga um nýjár 1909. Þess er enn getið, að Jakob Gunnlögssyni beri 6% p. a. af skuldinni unz henni sé að fullu lokið. Og loks skuldbindur stefndi sig til að greiða allan kostnað, sem leiðir af innheimtu skuldarinnar. Sem tryggingu fyrir greiðslu ofannefndrar skuldar ásamt innheimtukostnaði »afsalar« stefndi — eins og það er orðað í bréfinu — Jakob Gunnlögssyni »allar þær skuldir, sem eg (þ. e. stefndi) á útistandandi á Íslandi og eru téðar skuldir nálægt 60000 kr.«, enda átti stefndi að afhenda Jakob skrá yfir allar skuldirnar í miðjum febrúar 1909. Og enn »afsalar« stefndi Jakob Gunnlögssyni »allar þær vörur, sem eg (þ. e. stefndi) hefi, unz skuldinni er að fullu lokið«.

Væntanlega til fullnægju þessa bréfs lét Jakob Gunnlögsson fógetann í Vestmannaeyjasýslu framkvæma fógetagerð hjá stefnda 27. og 28. maí 1909, og hefir skuld stefnda um það leyti samkvæmt undirréttarskjali 2 a sennilega numið um 17000 kr. En í árslok 1911 var skuldin, samkvæmt undirr.skj. 2 d, þó að viðbættum vöxtum og nokkrum innheimtukostnaði, sem ágreiningur er um, komin ofan í umstefnda upphæð 3993 kr. 20 aura.

Úrskurður fógeta, sem gekk síðarnefndan dag, er samkvæmt útskrift staðfestri af fógetanum 6. júní 1909, á þessa leið: »Með því afsalsbréf það, sem rekvirenten leggur fram í réttinum, ber það með sér

að rekvisitus hefir afsalað í Jakobs Gunnlögssonar hendur öllum skuldum, sem bækur rekvisiti sýna, að hann á útistandandi á Íslandi og öllum vöruleifum, sem hann hefir undir höndum, og þar sem rekvisitus, Lyder Höydahl, sem var til staðar í réttinum, hreyfði ekki mótmælum gegn kröfu rekvirentens (sic) úrskurðast: Rekvisitus Lyder Höydahl skal gefa rekvirenten eða umboðsmanni hans greiðan aðgang til að fá útskrift úr verzlunarbókum sínum, hvenær sem hann krefst þess. Rekvisitus er bannað að taka á móti skuldum eftir téðum bókum, fyr en hann er skuldlaus við Jakob Gunnlögsson. Rekvisitus skal vikulega standa rekvirenten eða umboðsmanni hans skil á andvirði vöruleifa þeirra, sem hann selur. Hann má ekki lána vörur nema með samþykki rekvirentens eða umboðsmanns hans. Rekvisitus skal taka »Beholdning« á öllum vörubirgðum sínum innan sex daga. Þessu að fullnægja undir lagaaðför.»

Áfrýjandi byggir kröfu sína í aðalmálinu að miklu leyti á framannefndu bréfi 18. jan. 1909 og á því að stefndi hafi í hvert skifti fengið skilagreinin fyrir því, er Jakob Gunnlaugsson keypti og seldi fyrir hann, og aldrei hreyft neinum athugasemdum fyrir en mál þetta var höfðað gegn honum, löngu eftir viðskiftaslit þeirra. Nokkurn hluta kröfu sinnar, 148 kr., byggir áfrýjandi jafnframt að nokkru leyti á fúgetagerðinni 28. maí 1909, með því að nefnd upphæð, sem er ferðakostnaður umboðsmanns Jakobs Gunnlögssonar í þeirri ferð, er fólgin í hinni umstefndu upphæð.

Stefndi heldur því fram, að ekki sé leggjandi

mikið upp úr bréfi hans 18. jan. 1909, með því að hann hafi einmitt með orðunum: »samkvæmt höfuðbókum Jakobs Gunnlögssonar«, viljað gera fyrirvara um réttmæti bæði heidarupphæðar skuldarinnar og einstaka liði hennar, enda sé bréfið ógilt sem veðbréf, þar sem veðmunirnir séu ekki sundurliðaðir og bréfinu hafi aldrei verið þinglýst. — Því verður nú að vísu að játa, að margnefnt bréf, sem nánast verður að teljast tryggingarbréf, er ónýtt sem veðbréf af nýnefndum ástæðum, en þar með er ekki hnekt gildi þess sem sönnunargagni fyrir þáverandi skuld stefnda, sízt í sambandi við önnur atvik, enda er skýring áfrýjanda á hinum tilfærðu orðum, að þau eigi aðeins að tákna móttæði til upphæða þeirra tveggja, er síðar eru nefndar í bréfinu, eðlilegri heldur en skýring stefnda. — Að öðru leyti hefir stefndi, að sleptum skuldajöfnuði út af gagnkröfu sinni, aðallega bygt sýknukröfu sína í aðalmálinu á ýmsum véfengingum á ýmsum liðum í reikningum Jakobs Gunnlögssonar og kröfu áfrýjanda. Þannig heldur stefndi því fram, að Jakob Gunnlögsson hafi vanreiknað sér: 1) 268 kr. og 3 auro + 31 kr. 64 aur., eða 299 kr. 67 a. afslátt á farmgjaldi, 2) 500 kr. afslátt á steinolíumótor frá 1905, 3) 4% af allri viðskiftaupphæð þeirra, er hann telur að hafi numið alls um 140000 kr. og 4) að sér hafi verið vanreiknað söluverð á íslenzkum afurðum, en verðleggur þó ekki það tap. En engar af þessum útásetningum stefnda verða teknar til greina, þar sem ætla má, jafnvel eftir málfærslu stefnda, sbr. vörn hans í héraði 6. apríl 1913, 6. og 7. lið, að Jakob Gunnlögsson hafi sent

stefnda skilagreininir með hverri afgreiðslu, og ekki sést að stefndi hafi hreyft neinum andmælum gegn þeim, fyr en undir rekstri málsins, nokkrum árum eftir viðskiftaslit þeirra, miklu fremur staðfest þær með fyrirvaralausri undirskrift sinni undir tryggingarbréfið 18. jan. 1909, enda ekkert framkomid, er sanni réttmæti þessara útásetninga.

Þá hefir stefnda heldur ekki tekist að sanna það gegn mótmælum áfrýjanda, að umboðsmenn síðarnefnds hafi tekið á móti nokkrum greiðslum, samtals 21 kr. 45 aur., er hafi ekki verið tekjutaldar stefnda, né heldur að þeir hafi gefið nafngreindum manni upp 43 kr. 81 eyr., enda ekki rétt hermt í gestaréttardóminum að áfrýjandi hafi ekki mótmælt umsögn stefnda um eftirgjöf þessa, sbr. 5. lið í sókn áfrýjanda 8. jan. 1913. Þessar aðfinningar stefnda verða því ekki heldur teknar til greina.

Enn hefir stefndi haldið því fram, að koma eigi til frádráttar umst. upphæð: 148 kr. + 151 kr. 55 aur. + 638 kr. 66 aur, + 500 kr., eða alls 1438 kr. 21 aur. Fyrsta upphæðin er fyrir ferðakostnað umboðsmanns Jakobs Gunnlögssonar frá Reykjavík til Vestmannaeyja í maí 1909, er margnefnd fógetagerð fór fram. Önnur upphæðin er 7% innheimtulaun til umboðsmanns Jakobs Gunnlögssonar af 2165 kr. peningagreiðslu stefnda til umboðsmannsins. Þriðja upphæðin er 7% innheimtulaun til umboðsmanns Jakobs af 16266 kr. 60 aura vörusendingu, sem málsaðilum kemur saman um að stefndi hafi sent Jakobi Gunnlögssyni beina leið og Jakob reiknað sér venjuleg sölulaun af, en þó skuldfært stefnda 7% innheimtu-

laun af, eins og stefndi hefði borgað upphæðina héraðslendum umboðsmanni Jakobs. En fjórða upphæðin er þóknun til heimilisfasts manns í Vestmannaeyjum, er áfrýjandi telur nauðsynlega, af því orðið hafi að hafa eftirlit með því að stefndi fullnægði skyldum sínum. Héraðsdómarinn leysti stefnda undan að svara til 1., 3. og 4. upphæðar hér að ofan, samtals 1286 kr. 66 aur., en gerði honum hinsvegar að greiða 2. upphæðina. Yfirdómurinn er í öllu verulegu samþykkuð röksemdaleiðslu héraðsdómarans hér að lútandi, og ber því að draga nefndar 1286 kr. 66 aura að viðbættum 6% vöxtum af hverri sérupphæð frá því er hún var skuldfærð stefnda til 1. jan. 1912, frá hinni umstefndu upphæð. En í því efni athugast, að 500 kr. eru skuldfærðar stefnda 27. september 1909 og 638 kr. 66 aur. + 148 kr. 19. febr. 1910, sbr. undirréttarskjal 2 c og d, og nema þeir vextir alls 155 kr. 40 aur. Koma þá til frádráttar hinni umstefndu upphæð í aðalsök 3993 kr. 20 aur. áður umgetnar kr. 1286.66 + nýnefndum vöxtum kr. 155.40 alls kr. 1442.06. en afgangurinn 2551 kr. 14 aur. með 6% vöxtum frá 1. janúar 1912 verður stefndi að greiða áfrýjanda.

Og kemur þá til álita gagnkrafta stefnda á hendur áfrýjanda. Stefndi heldur því fram, að fógetagerðin frá 28. maí 1909 hafi verið með öllu ólög-mæt og hafi auk þess bakað sér tjóns beinlínis og óbeinlínis. Tjáist hann eigi aðeins hafa orðið að hætta verzlun sinni vegna hennar, heldur hafi bæði útistandandi skuldir og vörubirgðir, er fógetagerðin meinaði honum að hagræða sér, orðið sér miklum

mun verðminni en ella mundi orðið hafa, og loks hafi hann orðið að selja verzlunarhús sín með miklum afföllum. Hann telur skaða sinn á vörubirgðum hafa orðið um 20000 kr. og um 10000 á útstandandi skuldum, og hefir því til styrktar lagt fram sundurliðaða skýrslu um eignir sínar og skuldir 15. október 1908 og ýms önnur skjöl, er eiga að sýna að hann hafi þá átt um 43000 kr. umfram skuldir.

Áfrýjandi hefir á hinn bóginn haldið því fram í yfirdómi, að margnefnd fúgetagjörð hafi verið réttmæt fullnæging á »afsalsbréfi« stefnda 18. jan. 1909, og að hún hljóti, hvað sem öðru liður, að teljast formlega réttmæt — og þá ekki geta valdið skaðabótum, þar sem henni hafi ekki verið hrundið með lögmaeltu móti, hvorki með þar að lútandi málssókn í héraði, né með áfrýjun til æðra dóms, enda hafi áfrýjandi ekki haldið gerðinni að stefnda, og stefndi jafnvel játað réttmæti hennar óbeinlínis, bæði með því að mótmæla henni ekki, þá er hún fór fram og svo með því að borga meginíð af skuldinni áður en til málssóknar kom. Í annan stað hefir áfrýjandi haldið því fram í yfirdómi, að stefndi hafi ekki beðið nokkurt tjón við fúgetagerðina eða út af henni, enda hafi stefndi í rauninni verið gjaldproti, áður en til gerðarinnar kom, og geti því ekki verið að ræða um bætur fyrir gjaldtraustsspjöll eða skapraun honum til handa, og allra sízt neitt svipaðar því, sem hann fari fram á.

Það er nú að vísu svo, að formlegt réttmæti oftnefndrar fúgetagerðar hefir ekki verið lagt beinlínis undir úrskurð dómstólanna, þar sem hvorki var leit-

að staðfestingar á henni í héraði, þó að hún kalli sig öðrum þræði »lögbann« né heuni skotið til æðri réttar. En það getur eigi talist því til fyrirstöðu, að dómstólarnir meti hvort hún, jafnvel útaf fyrir sig og einkum í sambandi við önnur atvik eigi að varða gerðarhafa skaðabótum til gerðarþola. En nokkur vafi getur leikið á því til hvaða tegundar fógetagerðar telja beri umrædda fógetagerð 28. maí 1909, er fer jafnvel að sumu leiti út fyrir lögheimilað vald fógeta.

Fógetinn, sem framkvæmdi gerðina, virðist, þótt hann sjálfur nefni hana lögbann og löggeymslu, hafa skoðað hana altéð að nokkru leiti sem nokkurskonar innsetningargerð í vörubirgðir og útistandandi skuldir stefnda, sem stefndi er talinn að hafa »afsalað« Jakobi Gunnlögssyni með bréfinu frá 18. jan. 1909. En eins og það bréf ber ljóslega vott um sjálft, sbr. ummæli þess um að útistandandi skuldir stefnda séu afsalaðar »sem trygging fyrir greiðslu ofanefndrar skuldar« og vörubirgðir hans séu afsalaðar »unz skuldinni sé að fullu lokið«, þá getur bréfið með engu móti talist eignarafsal hvort heldur fyrir útistandandi skuldum eða vörubirgðum stefnda, en svo langt hefir fógetinn ekki gengið að hann hafi sett gerðarhafa inn í þessi réttindi sem eiganda. Fógetagerðin fer ekki lengra en það, að banna gerðarþola að ráða yfir eignum sínum á vissan hátt, sem sé að innheimta útistandandi skuldir, að selja af vörubirgðum sínum á annan hátt en að hann standi gerðarhafa vikuleg skil á andvirði hins selda og að lána út vörur nema með samþykki gerðarhafa, þar til

hann (gerðarþoli) sé búinn að greiða skuld sína til gerðarhafa, en þetta er ekki innsetning inn í umrædd réttindi, heldur gengur gerðin aðallega út á það, að útiloka gerðarþola frá því að selja umræddar eignir af hendi eða fela þær gerðarhafa til skaða. Verður því að álíta að fógétagerð þessi sé í raun og veru kyrretninga- eða löghaldsgerð, og verður þá lögmæti hennar að metast eftir þeim lagafyrirmælum, er gilda um slíkar gerðir.

Svo sem tekið hefir verið fram, skuldaði stefndi áfrýjanda hinn 28. maí 1909, er margnefnd fógétagerð fór fram, samkvæmt viðskiftareikningi þeim, er lagður hefir verið fram í máli þessu, um 17000 kr. Þessa skuld hefir stefnda eigi tekist að véfengja, og þar sem hún einnig var fallin í gjalddaga voru lögmæt skilyrði fyrir hendi til þess að gerðarhafi gæti fengið kyrsettar eignir stefnda til tryggingar fullri greiðslu eða fjárnámi á sínum tíma.

Fógétinn krafðist engrar tryggingar af gerðarbeiðanda fyrir fógétagerðinni, en þetta gat aðeins bakað fógétanum persónulega ábyrgð, en getur ekki haft áhrif á lögmæti gerðarinnar.

Fremur gæti það valdið ónýtingu gerðarinnar, að ekki fór fram nein uppskrift og virðing á eignum stefnda, sem kyrsettar voru eða lögbann lagt á, en þar sem engin krafa kom fram í þessa átt af hendi stefnda, getur þetta ekki gert gerðina ólöglega eða orðið þess valdandi, að áfrýjandi þess vegna verði skaðabótaskyldur gagnvart stefnda, enda verður að álíta, eftir því sem fram er komið í málinu, það rétt hermt hjá áfrýjanda, að umræddri fógéta-

gerð hafi ekki verið haldið að stefnda, þar sem hann skýrir svo frá, að hann sjálfur hafi innheimt nokkuð af útistandandi skuldum sínum sumarið 1909 og að hann hafi sjálfur innt af hendi allar afborganir af skuldinni til áfrýjanda, en þetta hefði hann auðvitað ekki getað, ef umráð útistandandi skulda og annara eigna hefðu í raun og veru verið af honum tekin. Loks verður að líta svo á, að stefndi hafi samþykkt lögmæti gerðarinnar, þó ólögleg hefði verið að einhverju leiti, með því fyrirvaralaust að greiða áfrýjanda meginhluta skuldarinnar sumarið og haustið 1909.

Það skal tekið fram, að fógetinn hafði ekki lagaheimild til þess að skylda stefnda til að taka »Beholdning« á vörubirgðum sínum, en þessa skipun virðist stefndi eigi hafa tekið til greina, enda ekki verið eftir því gengið og verður ekki álitid, að hún hafi gert stefnda slíkt óhagræði að ástæða sé til þess vegna að dæma stefnda skaðabætur hjá áfrýjanda.

Eftir því sem að framan segir ber að sýkna áfrýjanda í gagnsökinni, en í aðalsök ber stefnda að greiða áfrýjanda 2551 kr. 14 aur. með 6% ársvöxtum um frá 1. jan. 1912 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir atvikum rétt að falli niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Krafa áfrýjanda um sekt á hendur héraðsdóm-aranum, Karli sýslumanni Einarssyni, fyrir drátt á dómsuppsögn verður eigi tekin til greina, með því ekki sést hvenær hans hefir verið leitað útaf fyrgreindum ómerkingardómi landsyfírréttar, enda hefir honum eigi verið stefnt til ábyrgðar.

Þá hafa málaflutningsmenn aðila í yfirdómi heimta að hvorn annan sektaðan fyrir ósæmileg rithátt. Málaflutningsmaður áfrýjanda átelur þau ummæli málaflutningsmanns stefnda, að áfrýjandi »hafi reynt að kúga L. Höydahl til að ganga að hverjum þeim kostum, sem han byði« og að fógetagerðin væri: »löglaus hrottaskapur«. Málaflutningsmaður stefnda hefir á talið ýmsar aðdróttanir málaflutningsmanns áfrýjanda um fjársvik og annað refsivert athæfi af hendi stefnda, sérstaklega að stefndi hafi »svikið stórfé út úr áfrýjanda« og að stefndi heyri til »slikra svikara« (þ. e. stórsvikara). Þá hefir málaflutningsmaður áfrýjanda brugðið málaflutningsmanni stefnda um »ósvífin ósannindi«, um »ósvífin og helberan uppspuna«, og um »tilhæfulausan og blygðunarlausan uppspuna«, og segir um bótakröfuna að hún sé »smurð upp gegn betri vitund«. Átalin ummæli málaflutningsmanns stefnda þykja ekki ómerkingar eða sektarverð. Hins vegar eiga framantalin ummæli málaflutningsmanns áfrýjanda að vera dauð og ómerk, og þykir eigi verða komist hjá að sekta hann um 20 krónur, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til fátækra sjóðs Reykjavíkur, fyrir fjársvikaaðdróttanir í garð stefnda.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Lyder Höydahl greiði áfrýjanda Jóni Laxdal f. h. Jakobs Gunnlögssonar 2551 kr. 14 aura með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1912 til greiðsludags. Í gagnsökinni á áfrýjandi að vera

sýkn af kröfum stefnda Yfirréttarmálaflutningsmaður Bogi Brynjólfsson greiði 20 kr. sekt, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 88/1915.

Margrét Árnason

gegn

skiftaráðandanum í Árnessýslu
f.h. dánarbús Ólafs Árnasonaro fl.

D ó m u r :

Á skiftafundi 17. sept. f. á. í dánarbú Ólafs Árnasonar framkvæmdarstjóra frá Stokkseyri kom fram meðal annara verðmætra skjala búsins, lífsábyrgðarskirteini frá lífsábyrgðarhlutafélaginu Hafnia Litra A, nr. 33009, útgefið 12. marz 1902, þar sem Ólafur heitinn var líftrygður fyrir 10000 kr., og er í lífsábyrgðarskirteini þessu ákveðið, að það tilheyri sem séreign konu hins trygða Margréti f. Möller.

Ekkja Ólafs heitins frá Margrét Árnason krafð-